



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is
545 9700

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 16. maí 2023
Tilv.: MAR23050103/08.11

Efni: Skipunarbréf

Matvælaráðherra skipar yður hér með í sérfræðingahóp sem skal vera vera yfirdýralækni og Matvælastofnun til ráðgjafar hvað varðar aðgerðir til útrýmingar á riðuveiki. Vinna hópsins skal fela í sér greiningu á núverandi stöðu, útfærslu á aðferðafræði við ræktun fjár með verndandi arfgerðir og mati á breyttri nálgun aðgerða gegn riðuveiki. Hópurinn er skipaður á grundvelli 8. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Í sérfræðingahópnum eiga sæti:

- Erla Sturludóttir, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands í tölfraði, kt. [REDACTED]
- Hákon Hansson, dýralæknir, kt. [REDACTED]
- Jón Hjalti Eiríksson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands í erfða- og kynbótafræði, kt. [REDACTED]
- Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir hjá Matvælastofnun, kt. [REDACTED]
- Stefanía Þorgeirsdóttir, líffræðingur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, kt. [REDACTED]
- Vilhjálmur Svansson, dýralæknir hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, kt. [REDACTED]
- Thor Aspelund, prófessor við Háskóla Íslands í líftölfraði, kt. [REDACTED]


Sérfræðingahópurinn skal vinna að eftirfarandi verkefnum:

1. Leggja mat á árangur aðgerða stjórnvalda frá því skipulagður niðurskurður hófst á níunda áratug síðustu aldar með tölfraðilegum útreikningum og mati á því hvort riðuveiki hafi


verið útrýmt annars vegar og hins vegar hvort hverfandi líkur (negligible) séu á uppkomu riðuveiki á einhverjum landsvæðum þar sem riðuveiki var áður landlæg.

2. Leggja mat á væntanlegan árangur ræktunar á verndandi arfgerðum annars vegar og hugsanlega verndandi arfgerðum hins vegar, sbr. greinargerð LbHÍ apríl 2023, þannig að líkur á uppkomu riðuveiki sé metin hverfandi eftir tiltekinn árafjölda og á tilteknum landsvæðum.
3. Leggja mat á gildi mögulegra smitvarna til að hefta útbreiðslu riðusmits, þar á meðal notkun afrétta og fyrirkomulag fjárrétta, og flokka eftir mikilvægi.
4. Leggja mat á smitvarnarráðstafanir í hjörðum þar sem riða hefur verið staðfest ef ekki yrði skorið niður eða aðeins hluti hjarðar skorinn niður.
5. Leggja mat á gildi núverandi fyrirkomulags varnarlína/varnargirðinga með tilliti til hafta á útbreiðslu riðusmits.
6. Önnur fagleg álitamál um riðuveiki og varnir gegn henni sem upp kunna að koma við framvindu verkefnisins.

Hópurinn skal vinna með yfirdýralækni, sem stýrir fundum, og skila niðurstöðum með greinargerð eigi síðar en **1. nóvember 2023**. Stöðuskýrslur skal leggja fram 15. júní og 1. september 2023.



Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra



Benedikt Arnason
ráðuneytisstjóri